

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

Deiliskipulag Þormóðseyrar, Siglufirði – Óskarsgata, Tjarnargata, Ránargata, Þormóðsgata.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 13. apríl 2022 óverulega breytingu á deiliskipulagi Þormóðseyrar á Siglufirði. Breytingin felur í sér að skipulagsmörkum er breytt lítillega til austurs, þannig að hluti Óskarsgötu verður innan skipulagssvæðisins. Lóðin Tjarnargata 22 breytist í lóðina Óskarsgötu 7, stærð lóðar er óbreytt. Lóðin Ránargata 1 skiptist upp í tvær lóðir, Ránargötu 1 og Þormóðsgötu 2. Lóðin Ránargata 3 skiptist upp í tvær lóðir, Ránargötu 3 og Þormóðsgötu 4, einnig eru settir fram skilmálar um hámarks gólfflatarmál aðalhæða á byggingarlóðunum. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 16. mars 2023.

Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. mars 2023